

Samþykktir Gigtarfélags Íslands fta

I. Heiti, heimili og hlutverk

1. gr.

Félagið heitir Gigtarfélag Íslands fta. Heimili þess og aðalstarfsstöð er í Reykjavík. Gigtarfélag Íslands (GÍ) starfar samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla.

2. gr.

Markmið og tilgangur GÍ er að berjast gegn gigtarsjúkdómum og áhrifum þeirra og vinna að fullnægjandi framboði á nauðsynlegri þjónustu við gigt sjúka. Félagið stefnir m.a. að því að ná þessu markmiði með því að:

- bæta félagslegar, menningarlegar og efnahagslegar aðstæður gigt sjúkra.
- koma upplýsingum á framfæri um gigt sjúkdóma, forvarnir, meðhöndlun þeirra og samfélagsleg áhrif.
- efla meðferð og endurhæfingu gigt sjúkra svo og gigtarrannsóknir.
- stuðla að aukinni menntun heilbrigðisstétta á sviði gigt lækninga.
- stuðla að samvinnu við innlend og erlend félög með sama starfsgrundvöll.
- eiga og reka gigt lækningastöð og/eða nauðsynlegar fasteignir, sem þjóna ofangreindum markmiðum eftir því sem við á.

3. gr.

Gigtarfélag Íslands var stofnað 9. október 1976 með óendurkræfum framlögum frá stofnfélögum og frjálsum framlögum frá almenningi. Enginn nýtur sérréttinda hjá félaginu, hvorki stofnendur né aðrir.

II. Félagsmenn

4. gr.

Félagar geta allir þeir einstaklingar verið er þess óska og áhuga hafa á að styðja tilgang félagsins.

5. gr.

Árgjald skal ákveðið á aðalfundi. Skal fjárhæð árgjaldsins ákveðin fyrirfram fyrir næsta starfsár og koma til innheimtu í byrjun næsta árs. Stjórninni er heimilt að fella niður árgjald örorku- og ellilífeyrisþega. Stjórninni er heimilt að afla stuðnings frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum eftir reglum sem hún setur. Halda skal skrá yfir styrktarmeðlimi. Heimilt er að fella félagsmenn úr félagaskrá hafi þeir ekki greitt árgjald síðustu tveggja ára og ekki sótt um niðurfellingu. Ráðstöfun fjármuna skal vera í samræmi við markmið og tilgang félagsins.

III. Aðalfundir

6. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en í júnímánuði ár hvert og skal til hans boðað formlega með tveggja vikna fyrirvara hið skemmsta, ásamt tilgreindri dagskrá.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi nema annað sé ákveðið í samþykktum þessum. Sérhver félagi á skrá félagsins, sem greitt hafði árgjald síðasta starfsárs fyrir

næstliðin áramót eða fengið niðurfellingu stjórnar skv. 5. gr., hefur eitt atkvæði á félagsfundi.

7. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla formanns.
2. Skýrslur formanna einstakra stjórna, nefnda og ráða á vegum félagsins.
3. Kynning á ársreikningi félagsins.
4. Umræður um skýrslur og ársreikning auk samþykktar ársreiknings.
5. Kosning formanns til tveggja ára.
6. Kosning fjögurra manna í aðalstjórn til tveggja ára.
7. Kosning fjögurra varamanna í aðalstjórn til eins árs.
8. Kosning löggilts endurskoðenda.
9. Árgjald næsta árs ákveðið.
10. Afgreiðsla tillagna til breytinga á samþykktum ef þær eru löglega uppbornar.
11. Önnur mál.

8. gr.

Kjörgengir til formannsstöðu í félaginu eru þeir félagsmenn, sem setið hafa í aðalstjórn félagsins í meira en 4 ár eða hafa gegnt öðrum trúnaðarstörfum í þágu félagsins jafn lengi. Einnig aðrir þeir félagsmenn, sem aðalstjórnarfundur félagsins veitir kjörgengi.

Hafi framborin tillaga aðalstjórnar félagsins um frambjóðendur til aðalstjórnar félagsins og/eða varamanna þeirra ekki náð fram að ganga skal fundarstjóri boða til framhaldsaðalfundar innan mánaðar frá aðalfundi og láta endurtaka kosningarnar. Skal þá fyrri stjórn sitja fram að lokum framhaldsaðalfundar sem starfsstjórn. Niðurstaða kosningarinnar á þeim fundi er bindandi fyrir félagið.

9. gr.

Samþykktum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi þess og skal tillögum til - breytinga á samþykktum skilað til framkvæmdastjórnar félagsins eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Nái tillagan samþykki 2/3 (tveggja þriðju hluta) fundarmanna fær hún gildi.

IV. Aðalstjórn og framkvæmdarstjórn.

10. gr.

Yfirstjórn félagsins skal skipuð níu manna aðalstjórn sem kosin er á aðalfundi með meirihlutakosningu til tveggja ára í senn, fjórir menn í hvert sinn, en formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára. Firnaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Á aðalfundi skal á sama hátt jafnframt kjósa fjóra varamenn til eins árs í senn. Í forföllum aðalmanna skulu varamenn kallaðir til í hlutfalli við atkvæðamagn það er þeir hlutu við kjör í aðalstjórnina en að öðrum kosti í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir við kjör í aðalstjórnina. Varamenn hafa rétt á að sitja alla aðalstjórnsmannafundi og hafa þá málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafa þeir aðeins þegar þeir sitja fundi í forföllum aðalmanna.

Aðalstjórnin skal koma saman eigi sjaldnar en fjórum sinnum á hverju starfsári. Í fyrsta skipti eftir aðalfund skal aðalstjórnin koma saman eigi síðar en mánuði eftir aðalfund og skulu þá m.a. eftirfarandi mál vera á dagskrá:

- a) kosning þriggja manna úr aðalstjórn, þ.e. varaformanns, gjaldkera og ritara, en þeir skulu mynda framkvæmdastjórn ásamt formanni.
- b) skipun manna í stjórnir, nefndir og ráð sem starfa á vegum félagsins og tilnefning fulltrúa félagsins í ýmsar aðrar nefndir og ráð sem það á aðild að.
- c) tillögur formanns og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins á nýju starfsári svo og fjárhagsáætlun.

11. gr.

Aðalstjórnin og framkvæmdastjórnin ráða málefnum félagsins með þeim takmörkum sem samþykktir þessar setja og ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi. Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldum eða öðrum skuldbindingum félagsins nema með félagsgjaldi sínu.

12. gr.

Framkvæmdastjórnarfundur skal boðaður með tryggilegum hætti og með að minnsta kosti eins dags fyrirvara, en fundur aðalstjórnar með minnst einnar viku fyrirvara. Aðalstjórnarfundur er ályktunarfær ef 5 stjórnarmenn hið fæsta sækja fund og sitja, en fundur framkvæmdastjórnar skal að jafnaði ekki halda nema þeir séu fullskipaðir. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum aðalstjórnar og framkvæmdastjórnar og skulu gerðir þeirra bókfærðar.

V. Deildir og áhugahópar

13. gr.

Heimilt er félagsmönnum GÍ með samþykki framkvæmdastjórnar félagsins að stofna svæðisbundnar deildir innan félagsins og skulu stofnendur senda framkvæmdastjórn upplýsingar um nöfn stofnenda og ábyrgðarmanna væntanlegrar deildar auk upplýsinga um á hvaða svæði hér á landi deildin hyggst starfa um leið og óskað er samþykkis. Skulu deildirnar í meginatriðum starfa samkvæmt eftirfarandi reglum:

- A. Deildin kys sér þriggja manna stjórn og tvo til vara. Stjórnin heldur aðalfundi árlega þar sem starfsskýrsla og endurskoðaðir reikningar eru lagðir fram. Afrit þeirra gagna skulu send aðalskrifstofu GÍ fyrir aðalfund félagsins.
- B. Félagsmenn greiða árgjöld til GÍ. Hver deild fær gjaldið endurgreitt eftir þörfum skv. umsókn en þó að jafnaði eigi meira en 25% innheimtra árgjalda á sínu félagssvæði. Deildir njóta þess söfnunarfjár óskipt sem þær afla á sínu félagssvæði að eigin frumkvæði.
- C. Deildirnar starfa samkvæmt samþykktum GÍ en er heimilt að setja nánari starfsreglur.
- D. Komi fram tillaga um að leggja deild niður eða sameina hana annarri deild skal sú tillaga sæta sömu meðferð og tillaga til breytinga á samþykktum skv. 9. gr. Líta má á deild sem ekki hefur starfað í tvö ár sem niðurlagða og er þá stjórn GÍ heimilt að yfirtaka allar eignir hennar.
- E. Formenn deilda hafa rétt til setu á aðalstjórnarfundum GÍ og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdastjórn GÍ er heimilt að tilnefna fulltrúa félagsins á þeim stöðum á landinu þar sem ekki eru starfandi deildir.

14. gr.

Félagsmönnum GÍ er heimilt að stofna áhugahópa innan félagsins til að vinna að framgangi hagsmuna einstakra hópa gigtsjúkra. Forsvaraðilar slíkra hópa skulu í upphafi hvers starfsárs gera framkvæmdastjórn GÍ grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi á árinu og áætla útlagðan kostnað og jafnframt gera framkvæmdastjórninni grein fyrir starfi sínu í lok starfsársins. Framkvæmdastjórninni er heimilt að taka ákvörðun um að greiða útlagðan kostnað vegna starfsemi áhugahópa. Áhugahópar njóta þess söfnunarfjár óskipt sem þeir afla að eigin frumkvæði en er skylt að hafa samráð við framkvæmdastjórn félagsins í tæka tíð vegna slíkrar starfsemi.

VI. Ársreikningar

15. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

16. gr.

Ársreikningur skal lagður fyrir aðalfund til kynningar, umræðu og samþykktar. Verði hagnaður á rekstri félagsins skal hann færður til hækkunar á höfuðstól félagsins og á sama hátt skal tap á rekstri félagsins fært til lækkunar á höfuðstól þess.

Ýmis ákvæði

17. gr.

Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið eða það sameinað öðru félagi skal hún sæta sömu meðferð og tillaga til breytinga á samþykktum skv. 9. gr. Nái tillaga um félagsslit fram að ganga skal kosin skilanefnd og skal hún starfa skv. landslögum. Verði til eignir, eftir að allar skuldir félagsins hafa verið greiddar, skulu þær ganga til Vísindasjóðs GÍ, en að öðrum kosti til ríkissjóðs. Skal sá er eignirnar ganga til eynamerkja þær gigtsjúkum. Jafnframt skal skilanefndin koma sjóðum, sem G.Í. hefur haft umsjón með, í vörslu öruggra fjárvörsluaðila.

19. gr.

Framkvæmdastjórn GÍ skal heimilt að tilnefna heiðursfélaga að höfðu samráði við aðalstjórnina.

Samþykkt á framhaldsaðalfundi félagsins 23. júní 2022. Lagabreytingar áður lagðar fram og kynntar á aðalfundi félagsins 15. júní 2022.